

## Fundargerð skólaráðs Oddeyrarskóla 26. febrúar 2013

### Á fundinn mættu:

Kristín Jóhannesdóttir, María Aðalsteinsdóttir, Magni Þrastarson, Sara Hlín Hauksdóttir, Snorri Björnsson og Sólveig Styrismisdóttir.

### Dagskrá:

1. Skóladagatal 2013-2014 – drög
2. Nemendaspá
3. Oddeyrarskóli „Skóli sem lærir“
4. Vinna við skólanámsskrá
5. Samstarf við aðra skóla
6. Önnur mál

1. Kristín skólustjóri sýndi fyrstu drög skóladagatals fyrir skólaárið 2013-2014. Búið er að samræma skólasetningu 22. ágúst. Einnig er búið að samræma haust- og vetrarfrí með öðrum grunnskólum á Akureyri. Starfsdagur verður 4. október og þá verður haldin skólaráðstefna á Akureyri fyrir öll skólastig. Rætt var fyrirkomulag á skólasetningu og hvort ætti að hafa foreldraviðtöl á sama tíma og skólasetningu og stakk Kristín upp á því að hafa viðtöl eftir tvær vikur og hafa hefðbundna skólasetningu. Flestum leist vel á það.
2. Kristín sagði frá því að spár bentu til þess að fyrir næsta skólaár þyrfti að fækka um 1,8 stöðugildi í kennslu í skólanum. Nemendaspár benda líka til þess að það muni fækka í skólanum á næstu árum. Rætt var hvort skólaráð ætti að senda frá sér fyrirspurn um stöðu skipulagsmála á Eyrinni m.t.t. þess að þetta hverfið og laða að fjölskyldufólk.
3. Rætt var og það kom skýrt fram að það er ósk allra í skólaráði að skólinn verði eftirsóknarverður kostur fyrir foreldra og laði fólk í hverfið. Kristín sagði frá námskeiði sem hún sótti nýlega um úrbætur í skólum. Þar kom fram að það skipti miklu máli að virkja allt skólasamfélagið til að skólinn verði „skóli sem lærir“ þannig að skólinn eflist og dafni.
4. Kristín sagði frá vinnu í tengslum við nýja skólanámsskrá sem er í gangi í skólanum. Umræða varð um að það ætti að vera skýrt hvaða markmiðum

við vildum ná fram í allri þeirri vinnu. Kristín sýndi glærur frá hóp sem er að vinna hluta af skólanámsskrá og leggur áherslu á skólann og nærsamfélagið. Þar var búið að búa til skipulag um vettvangsferðir og fleira sem tengir nám nemenda við atvinnulífið o.fl. Nokkur umræða varð um skipulag heimsóknna í fyrirtæki og tengsl við nám og skólann.

5. Kristín ræddi um samstarf skólans við leik- og framhaldsskóla og sagði að töluvert samstarf væri milli leik- og grunnskóla en minna milli grunn- og framhaldsskóla. Það væri verið að efla það og fljótlega væri fundur í því sambandi. Ræddu fundarmenn um matsönn í VMA og krílabrautina í MA. Einnig var rætt um samstarf íþróttabrautar VMA og boð matvælabrautar þar sem skólastjórum á Akureyri var boðið til veislu.
6. Fleira var ekki rætt.

Næsti fundur skólaráðs verður 3. apríl kl: 8:15